

Kæri nemandi, velkominn í MH. - Póstur sendur á nýja MH-inga sem eru komnir inn í skólann 5. desember 2022.

Kæri MH-ingur.

Þetta er sambærilegur póstur og búið er að senda á þig áður, en núna er hann sendur í gegnum Innu og þá fá aðstandendur líka póstinn.

Við erum búin að innrita þig í MH og þar með ert þú komin/inn/ið með skólavist hjá okkur frá og með vorönn 2023. Umsókn þín um skólavist hefur fengið stöðuna „samþykkt“. Staða þín í Innu er „Biðlisti 3“ þar til við breytum því í „Innritaður“ í lok desember og verður það staðan alla fyrstu önnina þína í MH. Eftir fyrstu önnina breytist staðan í „í námi“.

Nám sem þú hefur tekið í öðrum skólum verður metið eins og hægt er miðað við okkar áfanga í MH og nám sem þú ert í núna verður metið eftir að einkunnir liggja fyrir um miðjan mánuðinn. Endilega sendu okkur póst eða komdu í heimsókn ef það eru einhverjar spurningar sem brenna á þér. Á næstu dögum (vikum) munu námstjórar fara í það að meta áfanga sem þú hefur nú þegar lokið og getur þú fylgst með því í Innu. Á heimasíðunni er [listi yfir áfanga](#) sem eru í boði á vorönn 2023 og þér er velkominn að skoða hann og láta okkur vita ef þú vilt sérstaklega koma einhverju á framfæri.

Nánari upplýsingar um greiðslu skólagjalda og byrjun næstu annar færðu í pósti síðar í mánuðinum. Upplýsingar koma einnig inn á heimasíðu skólans þegar nær dregur. Gangi þér sem best í prófunum (ef þú ert í þeim sporum) og sjáumst 4. janúar kl. 13:00 á kynningarfundum nýnema vorannar 2023, eða fyrr ef þú vilt kíkja við.

Kv Helga Jóhannsdóttir, konrektor

e.s. Ef þú kemur úr MR þá þarftu að senda okkur einkunnirnar þínar í tölvupósti á konrektor@mh.is, um leið og þær liggja fyrir, þar sem þær birtast ekki í Innu.